

## Skólaráð 17. apríl 2020

Fossvogsskóli kl.16:30

**Mætt:** Karl Óskar Þráinsson fulltrúi foreldra, Halla Gunnarsdóttir og Guðrún Þorsteinsdóttir báðar eru þær fulltrúar kennara, Ingibjörg Ýr skólastjóri og Árni Freyr aðstoðarskólastjóri sem jafnframt er ritari.

### Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar.
  - Skóladagatal komandi skólaárs
  - Styrkumsóknir;
    - o A og B-styrkir
    - o Erasmus styrkur
  - Danmerkurferð 7. bekkjar – staðan í dag.
  - Umsjónarmaður fasteigna – ný ráðning.
  - Kennsla á tímum samkomubanns.
  - Opnun skólahalds á ný eftir 4. maí.
  - Fossómílan (reynsla eftir eitt rennsli).
  - Staðan á Vesturlandi.
  - Önnur mál.
- Fundargerð síðasta fundar lesin og hún samþykkt.
  - Umræða um skóladagatalið fyrir 2020-2021 haldið áfram frá síðasta fundi. Á eftir að kynna það kennurum, verður gert á fundum 24. apríl og 28. apríl.
  - Fossvogsskóli hefur sótt um tvo styrki vegna skólaársins 2020-2021 til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

**A styrkur**, að upphæð ISK 1.700.000.- sem nota á til að styrkja teymiskennslu í skólanum enn frekar. Sótt er um hann í samvinnu við dr. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor á menntavísindasviði Háskóla Íslands.

**B styrkur**, að upphæð ISK 4.000.000.- sem sótt er um í samvinnu við fjóra aðra grunnskóla í Reykjavík og kennurum á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Þessi styrkur er ætlaður til að móta lærdómssamfélag um stærðfræði-kennslu í grunnskólum.

**Erasmus+ styrkur**, sem sótt er um í samvinnu við sex aðra skóla víðs vegar frá Evrópu. Styrkurinn er ætlaður til að vinna að samþættingu náttúrufræði og listgreina og þema hans er vatnið.

- Hætt hefur verið við fyrirhugaða námsferð nemenda í 7. bekk til Árósa í Danmörku í byrjun júní. Í staðinn verður ferðast innanlands.
- Ráðinn hefur verið umsjónarmaður fasteigna í Fossvogsskóla 1. ágúst.
- Kennsla í Fossvogsskóla á tímum samkomubanns hefur gengið ótrúlega vel. Nemendur blómstra, hópaskiptingar eru góðar og rætt er um að hópastærðir skipti máli og bent á að samræður við nemendur séu djúpar. Kennarar hafa næði til að reyna nýjar kennsluaðferðir. Aga- vandamál eru úr sögunni. Nemendur voru fljótir að aðlagast nýjum aðstæðum og fara inn í þær. Rætt hefur verið um að það komi sér vel fyrir nemendur að geta þetta því þeir séu starfsmenn framtíðarinnar.

Eftir páskafrí var skóladagurinn lengdur hjá öllum nemendum. Hann lengdist um 20 mínútur hjá nemendum í 5. – 7. bekk, í 4,5 kennslustundir á dag – og – um 30 mínútur hjá nemendum í 1. – 4. bekk. Nemendur og kennarar finna varla fyrir lengingu skóladagsins og foreldrar eru sáttir með lengri skóladag barna sinna.

- Á síðasta fundi skólaráðs var Fossómílan kynnt. Samhliða lengingu skóladagsins á tímum samkomubanns var ákveðið að prufukeyra míluna í öllum árgöngum undir leiðsögn Gísla íþróttakennara. Þetta tókst vel og almenn ánægja er með Fossómíluna. Það er ósk skólaráðs að mílan sé komin til að vera í skólastarfinu.
- Eins og fram hefur komið var flutt úr Vesturlandi í byrjun febrúar vegna óþæginda sem nemendur og starfsfólk skólans fann fyrir þar. Á þessum tíma er staðan óbreytt og rýmið hefur ekki verið notað undir kennslu síðan. Vesturland verður ekki tekið í notkun fyrir kennslu á þessu skólaári á meðan beðið er eftir viðgerð á þakglugganum.

### Önnur mál

- Starfsdagur 4. maí, fáist leyfi frá SFS, samþykktur.
- Matarmál nemenda rædd. Athugað með heitan mat.
- Sund, allir árgangar allt árið 2020-2021.
- Næsti fundur verður 20. maí 2020; hádegisverðarfundur.